

Ed.

762. Breytingartillögur

[242. mál]

við frv. til lyfjalaga.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist: enda sé talið líklegt að langvinn neysla geti valdið heilsutjóni.
2. Við 5. gr. Við greinina bætist:
Í reglugerð þessari skal kveða á um, hverjar vörur lyfjabúðir einar megi selja.
3. Við 11. gr. Á eftir orðinu „lyfjaformum“ í fyrri mgr. komi: verðs, geymsluþols og notagildis lyfjanna við meðferð tiltekinna sjúkdómseinkenna svo og hjáverkana.
4. Við 13. gr. Í stað orðsins „aukaverkunum“ komi: hjáverkunum.
5. Við 14. gr. Aftan við greinina bætist ný mgr., sem hljóði svo:
Lyfjabúðum, tveim eða fleiri, er heimilt að sameinast um framleiðsluvinnustofu, rannsóknvinnustofu og birgðastöð.
6. Við 15. gr. Aftan við greinina komi:
Landlæknir hefur eftirlit með lyfjaávisunum lækna.
7. Við 16. gr. Greinin hljóði svo:
Lyfjanefnd gerir tillögur að reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja í samráði við landlækni.
Í reglugerð þessari skal m. a. kveða á um eftirfarandi atriði:
 1. Hver lyf megi einungis láta út gegn lyfseðli og hve oft gegn sama lyfseðli.
 2. Hversu háttá skuli áritun á ílát (afhendingarílát) undir fullgerð lyf.
 3. Ávisun lyfja í síma.
 4. Ávisun ávana- og fíknilyfja.
 5. Ávisun lyfja til notkunar í skipum og loftförum.
 6. Rétt læknisefnis til að ávísa lyfjum.
8. Við 21. gr. Í stað „28“ komi: 18.
9. Við 22. gr. Orðin „en einungis samkvæmt beiðni“ falli niður.
10. Við 24. gr. Síðari málsliður greinarinnar falli niður.
11. Við 27. gr. Við 3. tölulið bætist: tilnefndan af landlækni.
12. Við 33. gr.
 - a. Orðin „og skal hann vera formaður nefndarinnar“ í 1. mgr. falli niður.
 - b. Á eftir orðunum „Varamenn eru skipaðir á sama hátt“ komi: Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann.
13. Við 50. gr.
 - a. Í stað orðsins „skráningarverð“ í 4. tölulið komi: kaupverð.
 - b. Í stað „28.—36. gr.“ í 6. tölulið komi: 18.—26. gr.
14. Við 60. gr. Í stað „1985“ komi: 1983.